

REGLUR

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, með síðari breytingum.

Breytt með reglum nr. 949/2018 (tóku gildi hinn 1. nóvember 2018), reglum nr. 109/2019 (tóku gildi hinn 1. febrúar 2019) og reglum nr. 941/2019 (tóku gildi hinn 1. nóvember 2019).

1. gr.

Almenn ákvæði um verðtryggingu.

Verðtrygging sparifjár og lánsfjár skal miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 38 frá 26. maí 2001 um vexti og verðtryggingu, nema lög kveði á um annað. Verðtrygging fjárhæða hluta úr mánuði skal þannig framkvæmd að verðbætur innan mánaðar miðist við daglega línulega breytingu á vísitölu neysluverðs, þ.e. milli gildis vísitölunnar sem í gildi er þegar útreikningur er gerður og gildis hennar á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir.

2. gr.

Verðtryggðir innlánsreikningar.

[Lánastofnunum]¹ er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við vísitölu neysluverðs að innstæða sé bundin í 36 mánuði eða lengur.

[Lánastofnunum]² er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð að loknum upphaflegum binditíma sem að lágmarki skal vera 36 mánuðir skv. 1. mgr. Að innlausnartímabili loknu binst innstæðan á ný og verður frá því uppsegjanleg með þriggja mánaða fyrirvara. Binditímabil innborgaðs fjár eftir að umsamið binditímabil hefst telst frá innborgunardegi.
2. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 36 mánuði. Ef innborguð fjárhæð í mánuði er hærri en sem nemur umsaminni fjárhæð reglulegs sparnaðar hefst nýtt binditímabil vegna þeirrar fjárhæðar sem er umfram reglulegan sparnað.
3. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.

3. gr.

Verðtryggt lánsfé.

Verðtrygging láns er því aðeins heimil að lánið sé til fimm ára hið minnsta.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Með

¹ 1. gr. reglna nr. 941/2019.

² 1. gr. reglna nr. 941/2019.

Þetta er uppfært skjal m.v. breytingareglur.

Upphaflegur texti, eins og hann er birtur af Stjórnartíðindum, gengur framár. Sé munur á texta þessarar skrár og birtra reglna hjá Stjórnartíðindum gildir hið síðarnefnda.

sama hætti skal reikna út vísitölugildi grunnvísitölu, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkissjóði heimilt að gefa út verðtryggð ríkisverðbréf þótt minna en fimm ár séu til gjalddaga.

4. gr.

Lánsfé miðað við hlutabréfavísitölu.

Í lánsamningi er heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna, sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Það á þó ekki við um neytendalán eða fasteignalán til neytenda. Um lánstíma gilda ákvæði 1. mgr. 3. gr. og tæknileg útfærsla í skuldaskjölum fer eftir 2. og 3. mgr. 3. gr.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 38 frá 26. maí 2001 og hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga, öðlast gildi [1. nóvember 2019.]³ ⁴ Falla þá jafnframt úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. nr. 492 frá 21. júní 2001.

[Ákvæði til bráðabirgða

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. er heimilt að haga verðtryggingu sparifjár og lánsfjár á þann hátt sem greinir í 2.-4. mgr. fram til 1. janúar 2021. Ef verðtryggingu er hagað samkvæmt 2.-4. mgr. á neytandi rétt á endurgreiðslu á þeim mismun sem kann að verða á verðbótum miðað við þá reikniaðferð sem gildir samkvæmt 1.-3. gr. sé niðurstaðan honum í óhag.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem lánastofnanir auglýsa. Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður síðastliðinn mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysliverðs, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar. Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningurinn eyðilagður.

Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflegum binditíma, að lágmarki 36 mánuðir í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.

Verðtrygging láns með ákvæði um að höfuðstóll þess miðist við annað hvort vísitölu neysliverðs eða hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla

³ 1. gr. reglna nr. 949/2018.

⁴ 1. gr. reglna nr. 109/2019.

Þetta er uppfært skjal m.v. breytingareglur.

Upphaflegur texti, eins og hann er birtur af Stjórnartíðindum, gengur framár. Sé munur á texta þessarar skrár og birtra reglna hjá Stjórnartíðindum gildir hið síðarnefnda.

breytingar á almennu verðlagi, er því aðeins heimil að lánið sé til fimm ára hið minnsta. Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala skal vera sú vísitala, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða aðrar aðstæður leiði til annars. Gjalddagar láns skulu allir vera á sama mánaðardegi, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á öðrum mánaðardegi en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum fyrir frávikið innan þess mánaðar sem lánið er veitt (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lántaki dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi ef gjalddagi er fyrr. Á kvittunum skal gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.]⁵

Reykjavík, 4. október 2018,

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur.

⁵ 2. gr. reglna nr. 941/2019.